

247. KIRKJURÁÐSFUNDUR

ÞRIÐJUDAGUR 15. MARS 2016 KL 14:00

símafundur haldinn á Biskupsstofu

FUNDARGERÐ

1. Fundarsetning
2. Úrskurðarnefnd þjóðkirkjunnar mál nr. 1/2015
3. Önnur mál

1. FUNDARSETNING

Fundurinn sem var símafundur hófst á Biskupsstofu kl. 14:00. Mætt voru auk biskups Íslands, Agnesar M. Sigurðardóttur, kirkjuráðsmennirnir séra Elínborg Gísladóttir, séra Gísli Gunnarsson, Stefán Magnússon og Svana Helen Björnsdóttir.

Jafnframt sátu fundinn Ellisif Tinna Víðisdóttir, framkvæmdastjóri kirkjuráðs og Þorvaldur Víðisson, biskupsritari, sem ritaði fundargerð.

Biskup setti fund.

2. ÚRSKURÐARNEFND MÁL NR. 1/2015

Niðurstaða Úrskurðarnefndar í máli nr. 1/2015 var kynnt á 246. kirkjuráðsfundi.

Kirkjuráð samþykkti að áfrýja úrskurðinum til Áfrýjunarnefndar skv. 13. gr. laga um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997.

Kirkjuráð samþykkti að fela Gesti Jónssyni hrl. að fara með málið fyrir Áfrýjunarnefnd.

Séra Gísli Gunnarsson óskaði að bókað yrði að hann greiddi atkvæði gegn samþykktinni og vísar til hjásetu sinnar í fundargerð frá 9. júní 2015 lið 3. f) i. Einnig mótmælti hann því með tölvupósti dags. 22. okt. 2015 að ráðinn yrði lögmaður (hrl.) til þess að fara með málið fyrir hönd kirkjuráðs.

Svana Helen Björnsdóttir óskaði að bókað yrði að hún sat hjá við afgreiðslu málsins.

3. ÖNNUR MÁL

Ekkert undir þessum lið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:10.

Næsti fundur kirkjuráðs verður á Biskupsstofu miðvikudaginn 5. apríl nk.

Agnes M. Sigurðardóttir,
biskup Íslands.

Þorvaldur Víðisson,
ritari.

Séra Elínborg Gísladóttir.

Séra Gísli Gunnarsson.

Stefán Magnússon.

Svana Helen Björnsdóttir.